

## Skilablað – Kennsluhúsnæði í Hafnarfirði – Fjölgreinanám

### Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrlan nefnd „**skilagrein**“ eða „**skilablað**“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguþúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna öflunar á leiguþúsnæði (leiguverkefni).

### 1 Upphaf verkefnis

Verkefnið varðar kennsluhúsnæði fyrir fjölgreinanám á vegum Flensborgarskóla og lönskólans í Hafnarfirði. Verkbeiðni barst frá mennta- og menningarmálaráðuneyti í september 2012. Beiðnin fólst í að finna húsnæði fyrir námið.

Verkefnastjóri FSR var Róbert Jónsson.

### 2 Verklýsing

Verkkaupi var mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Verkefnið fólst í að finna húsnæði fyrir námið og var miðað við að aðstaða þyrfi að vera fyrir 25–30 nemendur og þrjá kennara. Gerð var krafa um staðsetningu húsnæðisins í Hafnarfirði, nánar tiltekið sunnan Hjallahrauns, vestan Fjarðarhrauns / Reykjanesbrautar, norðan Selvogsgötu og austan Reykjavíkurvegar.

Bókhalds- og greiðslupjónusta var ekki hjá FSR.

### 3 Verknúmer

Verknúmer er 633 0067.

### 4 Framvinda

FSR vann húsrýmisáætlun fyrir verkefnið og var niðurstaða greiningarinnar sú að nauðsynleg stærð húsnæðis væri um 330 m<sup>2</sup>.

Auglýst var eftir húsnæði í september 2012. Óskað var eftir um 330 m<sup>2</sup> húsnæði til leigu í fimm ár.

Aðeins barst eitt tilboð í húsnæði frá Hafnarfirðarbæ við Strandgötu. Stærð húsnæðisins er 368,2 m<sup>2</sup> og var leiguverð 1.667 kr. á fermetrar eða alls 613.789 kr. á mánuði. Innifalið í leiguverði var kostnaður við rafmagn og heitt vatn.

Í október 2012 var framkvæmd vettvangskönnun á húsnæðinu. Þeir sem tóku þátt voru Sigurður Haraldsson, forstöðumaður Fasteignafélags Hafnarfirðarbæjar, Svanlaugur Sveinsson, verkefnastjóri viðhaldsmála hjá Hafnarfirðarbæ, Þráinn Sigurðsson, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneyti og Róbert Jónsson, verkefnastjóri FSR.

Gerð var umsögn um húsnæðið og var niðurstaða hennar sú að lagt var til að gengið yrði til samninga við Hafnarfirðarbæ um leigu á húsnæðinu.

Samráð var haft við Einar B. Steinþórsson, skólameistara Flensborgarskóla, Ársæl Guðmundsson, skólameistara lönskólans, og Söndru Gunnarsdóttur framhaldsskólakennara við gerð umsagnarnar. Unnin voru drög að húsaleigusamningi og var hann lagður fyrir aðila málsins.

Á þessum tímapunkti var hætt við verkefnið.

### 5 Kostnaður verkefnis

Kostnaður verkefnis var 670.468 kr.

### 6 Niðurstaða verkefnis

Hætt var við verkefnið. Var það ákvörðun skólastjórnenda sem, eftir á að hyggja, vildu ekki skuldbinda skólana til fimm ára.

### 7 Ákvörðun verkkaupa

Á ekki við.

### 8 Verklok

Verklok voru í desember 2012.

### 9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

  
Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri

  
Robert Jónsson verkefnastjóri